

## Laun og starfskjör þingmanna á Norðurlöndum

Yfirlit það sem hér er birt um laun og starfskjör þingmanna í ríkjum Norðurlanda utan Íslands er tekið saman af rannsóknarþjónustu Alþingis og byggir á gögnum sem rannsóknarþjónusta norska Stórþingsins hafði nýlega aflað í tengslum við athugun sína á launum og starfskjörum þingmanna á Norðurlöndum. Í samantekinni eru ekki talin upp hlunnindi s.s. sími, tölvur og annað sem almennt má segja að séu í boði fyrir starfsmenn á vinnumarkaði. Dagpeningar vegna ferða til útlanda eða innanlands á vegum þinganna fylgja reglum um ríkisstarfsmenn í löndunum. Í viðaukum er yfirlit um eftirlaunakjör og aðstoðarmenn þingmanna.

**Samantekt á grunnlaunum og föstum greiðslum** er í töflum hér að neðan. Lesa má um aðrar greiðslur og endurgreiðslur í kafla um hvert land fyrir sig sem á eftir fylgir, en þær greiðslur eða hlunnindi ná ekki til allra þingmanna.

Tölurnar í minnisblaðinu eru í íslenskum krónum á gengi Seðlabanka Íslands 13.mars 2018

Grunnlaun	Danmörk	Noregur	Svíþjóð	Finnland
Þingmenn	895.447	995.158	793.302	788.702*
Forseti þings	2.149.561	1.748.266	2.037.840	1.451.595
Varaforseti		1.134.471	1.031.293	1.210.073
Aðrir varaforsetar		1.064.808		
Nefndaformenn		1.064.808	951.962	88.632 til 146.243 álag á grunnlaun
Varaformenn nefnda			912.297	
Þingflokksformenn				88.632 til 146.243 álag á grunnlaun
Formenn í undirnefndum fjárlaganefndar				58.473 til 88.632 álag á grunnlaun

\*847.790 eftir 12 ár

Að auki eru greiðslur í Danmörku og Finnlandi sem allir þingmenn fá á grunnlaun og er ekki endurgreiddur kostnaður. Kjördæmi/búseta þingmanna ákvarðar hvaða greiðslu þingmenn fá:

<b>Danmörk</b>	
Starfskostnaður I	85.510
Starfskostnaður II	114.024
<b>Finnland</b>	
Starfskostnaður I	121.500
Starfskostnaður II	162.000
Starfskostnaður III	222.688

### Þingfararkaup

Grunnlaun eru 895.447 kr. á mánuði. Engar aukagreiðslur frá þinginu til nefndaformanna eða annarra sem gegna embættum í þingflokki.

Forseti þingsins fær sömu grunnlaun og forsætisráðherra, 2.149.561 kr. á mánuði, sem eru 125% af ráðherralaunum. Engar frekari greiðslur eru til þingmanna s.s. vegna nefnda.

### Starfskostnaður

Starfskostnaður (omkostningstillæg I og II) eru skattfrjálssar greiðslur sem þingmönnum ber að þiggja. Þingmenn kosnir í Danmörku fá 85.510 kr. á mánuði og þingmenn kosnir í Færeyjum og Grænlandi 114.024 kr.

### Húsnæði

Þingmenn sem búa ekki á Sjálandi geta fengið íbúðir í Kaupmannahöfn til afnota (alls 95 íbúðir). Þeir fá þá einnig greiðslu vegna tvöfaldrar búsetu sem er 42.333 kr. (skattfrjálst skv. skattareglum). Aðrir þingmenn geta sótt um slíka íbúð eitt ár í senn ef íbúðir eru lausar en fá þá ekki greitt framlag vegna tvöfaldrar búsetu.

Í sérstökum tilvikum getur þingmaður fengið greiðslu til að standa straum af leigu íbúðar utan þessa kerfis (t.d. ef hótulgisting næði yfir of langt tímabil).

Fyrir 2009 gátu þingmenn utan Sjálands fengið endurgreiddan húsnæðiskostnað vegna eigin íbúðar í Kaupmannahöfn og er það kerfi enn í gildi fyrir þá sem tóku sæti fyrir það ár. Gegn framvísun reikninga geta þingmenn, sem kjörnir voru fyrir 2009, fengið endurgreiddar að hámarki 105.825 kr. á mánuði.

Ef engar íbúðir eru til ráðstöfunar og þingmaður fær ekki greiddan húsnæðiskostnað vegna eldra fyrirkomulags endurgreiðist kostnaður vegna hótulgistingar í tengslum við störf þingmannsins fyrir þingið, þó ekki fleiri en 12 nætur á ári.

Allt að 12 hótelnætur á ári fást endurgreiddar vegna gistingar í kjördæmi þingmanns ef kjördæmið er í ákveðinni fjarlægð frá heimili þingmanns. Þetta á t.d. við ef kjördæmið er á Fjöni eða Jótlandi og þingmaður býr á Sjálandi.

### Ferðakostnaður

Þingmenn fá samgöngukort sem gildir í allar almenningsamgöngur. Kostnaður vegna brúartolla eða ferja vegna ferða í tengslum við þingstörf er greiddur af þinginu. Innanlandsflug í tengslum við þingstörf er greitt af þinginu; hér er átt við flug milli Kaupmannahafnar og heimilis þingmanns eða flug vegna fundasetu.

Í sérstökum tilvikum greiðir þingið kostnað vegna leigubíla, s.s. frá þinghúsinu til flugvalla eða stærri lestarstöðva; ef þingmaður er á leið á fundi erlendis á vegum þingsins er leigubíll greiddur frá heimili að flugvelli. Annars miðast endurgreiðslur vegna leigubíla við tilvik þar sem almenningsamgöngur eru ekki til staðar.

Þingmenn geta fengið greiðslu vegna notkunar á eigin bíl í tengslum við þingstörfin ef það kemur í stað innanlandsflugs og er ekki dýrara. Þingmenn sem búa utan Kaupmannahafnarvæðisins geta fengið greitt fyrir notkun eigin bíls frá heimili að lestarstöð eða flugvelli ef ekki er unnt að nýta aðra samgöngumöguleika til þess. Upphæðir fyrir not af eigin bíl fylgja ákvörðun skattayfirvalda.

## Noregur

### Þingfararkaup

Grunnþingfararkaup er 995.158 kr. á mánuði. Forseti þingsins fær sömu laun og forsætisráðherra eða 1.748.266 kr. á mánuði. Fyrsti varaforseti fær 14% álag á þingfararkaup (samtals 1.134.471 kr.) og hinir fjórir varaforsetarnir ásamt nefndaformönnum fá 7% álag (samtals 1.064.808 kr.).

### Starfskostnaður

Engar aukagreiðslur beint til þingmanna.

### Húsnæði

Allir þingmenn sem búa í meira en 40 km fjarlægð frá Stórþinginu fá ókeypis afnot af einni af 143 íbúðum Stórþingsins í Ósló. Ef þessir þingmenn eiga líka íbúð í heimabyggð greiðist ekki skattur af þessum hlunnindum.

### Ferðakostnaður

Allur kostnaður vegna ferða vegna starfa fyrir þingið er greiddur. Almennt teljast ferðir í þinghúsið frá heimili vera einkaferðir.

Þingmenn sem búa í meira en 40 km fjarlægð frá Stórþinginu fá ferðir þangað endurgreiddar þegar þeir taka við starfinu og hætta í starfi, við þingsetningu og þingfrestun. Í tengslum við þessar ferðir bætast við 2.636 kr. í fæðisfé, sem frá 2018 eru að fullu skattlagðar líkt og um laun væri að ræða. Fyrir þessa þingmenn er greidd ein ferð frá Ósló að heimili á viku, en tvær eigi þingmenn börn. Einnig fá þessir þingmenn greiddan kostnað vegna tveggja ferða fyrir fjölskylduna til Ósló á ári og skoðast sem hlunnindi og er skattlagt samkvæmt því.

Nota má eigin bíl, leigubíl eða bílaleigubíl þegar það er hagkvæmara m.t.t. tíma og kostnaðar. Leigubíla eða bílaleigubíla má nota þegar almenningssamgöngur nýtast ekki. Kostnaður vegna leigubíla til og frá flugvöllum er almennt ekki endurgreiddur.

## Svíþjóð

### Þingfararkaup

Þingmenn fá 793.302 kr. á mánuði. Forseti þingsins fær sömu laun og forsætisráðherra eða 2.037.840 kr. á mánuði. Varaforseti fær 30% álag á þingfararkaup (1.031.293 kr.), formenn nefnda 20% (951.962 kr.) og varaformenn 15% álag (912.297 kr.).

### Starfskostnaður

Engar aukagreiðslur beint til þingmanna.

## Húsnæði

Þingmaður sem þarf að ferðast yfir 50 km frá heimili sínu að þinghúsinu hefur rétt á ókeypis gistingu í íbúðarhúsnæði á vegum þingsins eða að fá endurgreiddan kostnað vegna gistingar á eigin vegum. Velji þingmaður að fá endurgreiddan gistikostnað er hámarkið 104.318 kr. á mánuði. Þingmaður þarf að framvísa leigusamningi eða öðrum skjölum til að sýna fram á þennan kostnað. Vaxtakostnaður endurgreiðist ekki. Búi aðrir með þingmanninum á heimili endurgreiðist einungis hluti þingmannsins í kostnaði við húsnæðið.

## Ferðakostnaður

Kostnaður vegna ferða frá heimili þingmanns í kjördæmi utan Stokkhólms að þinghúsinu er endurgreiddur. Þingmaður skal velja ferðamáta sem er hagfelldastur m.t.t. kostnaðar, tíma og umhverfisáhrifa. Sé hótलगisting nauðsynleg er kostnaður vegna hennar einnig endurgreiddur í ferðum á vegum þingsins innanlands. Þingmenn fá kort sem gildir í almenningssamgöngur og ef tilefni er til þá einnig flugkort fyrir innanlandsflug.

Í sérstökum tilvikum er leigubílakostnaður endurgreiddur. Notkun á eigin bíl greiðist skv. almennum upphæðum skattayfirvalda, 70% af þeirri upphæð er skattfrjálst.

## Finnland

### Þingfararkaup

Grunnlaun eru 788.702 kr. á mánuði sem hækka í 847.790 kr. eftir 12 ár í starfi. Forseti þingsins fær 1.451.595 kr. á mánuði og varaforseti 1.210.073 kr. Álag vegna formennsku í nefndum og til þingflokksformanna er frá 88.632 til 146.243 kr. á mánuði ofan á grunnlaun. Álag vegna formennsku í undirnefndum fjárlaganefndar er frá 58.473 til 88.632 kr. á mánuði.

### Starfskostnaður

Þingmenn fá 121.500, 162.000 eða 222.688 kr. á mánuði í starfskostnað sem á að duga til að greiða útgjöld við þingmannsstarfið. Upphæðin fer eftir kjördæmi þingmannsins. Þessar greiðslur eru skattfrjálssar.

## Húsnæði

Sjá starfskostnað.

## Ferðakostnaður

Ferðakostnaður vegna þingstarfa er almennt greiddur af þinginu. Þingmenn fá kort sem gilda í almenningssamgöngur. Innanlandsflug frá heimabæ þingmanns til Helsinki vegna þingfunda er greitt. Í Helsinki geta þingmenn tekið leigubíl að hámarki 8.617 kr. per ferð. Utan Helsinki getur þingmaður tekið leigubíl að næstu lestarstöð eða flugvelli.

Notkun á eigin bíl er leyfileg séu almenningssamgöngur milli heimilis og næstu lestarstöðvar/flugvallar lélegar. Að auki má þingmaður, sem fær hæstu starfskostnaðargreiðslu (býr lengst frá Helsinki), tvisvar í viku nýta eigin bíl í ferðir milli heimilis og þinghúss. Greitt er samkvæmt upphæðum sem ákveðnar eru af skattayfirvöldum.

## Viðauki 1: Eftirlaunakjör

Eftirlaun þingmanna á Norðurlöndum eru almennt til viðbótar almennu lífeyriskerfi.

### Danmörk

Til að njóta eftirlauna þingmanna þarf þingmennska að hafa staðið yfir í eitt ár samtals. Samkvæmt núgildandi lögum hefja þingmenn töku þessara eftirlauna við almennan eftirlaunaaldur eins og hann er skilgreindur hjá dönsku tryggingastofnuninni. Ekki er hægt að taka eftirlaunin samhliða þingfararkaupi eða biðlaunum. Hæstu mögulegu eftirlaun nást eftir 20 ára þingsetu og nema þá 489.883 íkr. á mánuði.

### Noregur

Ný lög um sérstök eftirlaun þingmanna og ráðherra tóku gildi 1. janúar 2012. Til að njóta eftirlauna samkvæmt þessum lögum þarf þingmennska að hafa staðið yfir í eitt ár samtals. Þingmenn safna upp eftirlaunum til viðbótar við almennan lífeyri samkvæmt þessari reglu:

Uppsöfnun lífeyrisréttinda er reiknuð 6,03% af þingfararkaupi (ásamt álagi á þingfararkaup ef við á) sem samsvarar allt að 7,1-földum almennum grunnlífeyri og 24,13% af þingfararkaupi á því bili sem samsvarar 7,1-12-földum almennum grunnlífeyri (einfaldur grunnlífeyrir er 1,2 milljónir íkr á ári). Sjóðurinn verður aldrei hærri en sem nemur 12-földum grunnlífeyri eða 14,6 mkr. Þessum uppsafnaða lífeyri er deilt út skv. sömu reglum um áætlaðan lífaldur þegar taka lífeyrisins hefst, sem norska tryggingastofnunin notar. Engar skerðingar taka gildi þó eftirlaun og laun vegna starfs séu tekin samhliða.

### Svíþjóð

Sérstökum eftirlaunum þingmanna er mest hægt að safna á 30 ára ferli. Eftirlaunin eru reiknuð út frá þingfararkaupi og sumum álagsgreiðslum. Réttindin eru 0,72% af árstekjum sem ekki fara yfir 7,5-faldan grunnlífeyri og 2,4% af árstekjum þar yfir (einfaldur grunnlífeyrir er 757.500). Hæst getur sjóðurinn verið 30-faldur grunnlífeyrir eða 22,7 mkr.

### Finnland

Sérstök eftirlaun þingmanna greiðast út við 65 ára aldur eða fyrr ef þingmaður þarf að láta af störfum vegna veikinda. Regla um uppsöfnun tekur mið af starfsaldri og launakjörum hvers þingmanns undanfarin 15 ár að hámarki. Uppsöfnunin er 4% fyrir hvert ár sem viðkomandi starfaði sem þingmaður og verður að hámarki 60% af meðallaunum síðustu 15 ára sem hann eða hún var á þingi. Lífeyrisréttindi sem þingmaður hefur unnið sér inn í fyrri störfum sínum utan stjórn mála geta skert þingmannalífeyrinn.

## Viðauki 2: Aðstoðarmenn þingmanna

Rannsóknþjónusta finnska þingsins sendi fyrirspurn til annarra rannsóknþjónusta þinga um stuðning og fyrirkomulag vegna aðstoðarmanna þingmanna í desember 2017. Eftirfarandi samantekt er unnin upp úr þeim gögnum.

### Danmörk

Fjárhagslegur stuðningur þingsins við þingflokka fer eftir [reglum forsætisnefndar](#) og er hægt að sjá upphæðina í ársreikningum þingsins á heimasíðu þess. Á árinu 2017 er áætlað að stuðningurinn nemi um 3 milljörðum íkr. Stjórnmalaflokkar mega einungis nýta fjármagnið samkvæmt gildandi reglum og gera grein fyrir notkuninni árlega. Ekki eru neinar upphæðir sérstaklega eyrnamerkta ráðningu aðstoðarmanna fyrir þingmenn. Starfsfólk er ráðið til þingflokksins en ekki einstakra þingmanna. Þingmaður getur þó krafist þess að þingflokkurinn greiði sér mánaðarlegt framlag sem nú nemur um 250.000 íkr á mánuði, sem nýta má í þjónustu ritara (sekretærbistand). Fáir þingmaður slíka greiðslu ræður viðkomandi sjálfur starfsmann og tekur ákvörðun um laun og starfsskilyrði.

### Noregur

Fjárhagslegur stuðningur þingsins við þingflokka fer eftir [reglum sem byggja á lögum frá 2012/2013](#). Í reglum er kveðið á um upphæðir, notkun, uppgjör og eftirlit en um er að ræða grunnframlag til flokka og svo framlag til hvers þingmanns. Hver flokkur hefur, ef svo má segja, skrifstofu (gruppesekretariat) þar sem eru pólitískir ráðgjafar og aðstoðarmenn fyrir þingflokkinn. Stöðugildi á skrifstofunni fara eftir stærð þingflokks en almennt er um það bil eitt stöðugildi á þingmann sé litið til upphæðar fjárhagslegs stuðnings á hvern þingmann, sem er 823.000 íkr á mánuði. Starfsfólkið getur sérhæft sig eftir málaflokkum fremur en að einn aðstoðarmaður sé fyrir einn ákveðinn þingmann.

### Svíþjóð

Fjárhagslegur stuðningur þingsins við þingflokka fer eftir [lögum 2016:1109](#), sem tóku gildi 1. janúar 2017. Fyrir 1. júlí ár hvert þurfa flokkarnir að standa skil á því hvernig greiðslum var ráðstafað fyrir liðið ár. Greiðslur til stjórnmalaflokka samanstanda af ýmsum liðum og er sérstaklega tiltekinn stuðningur til að ráða ritara (politiska sekreterare) og samsvarar upphæðin því að hver þingmaður geti ráðið í eina stöðu fyrir sig. Miðað er við 750.000 íkr á mánuði fyrir ritara og ráða þingmenn hvernig þeir nýta sér stuðning ritarans.

### Finnland

Þingflokkar fá ákveðið framlag til að ráða aðstoðarmenn, sem er samsett af grunnframlagi (387.450 íkr á mánuði) og framlagi á hvern þingmann (193.725 íkr á mánuði). Finnskir þingmenn fá svo framlag upp á 416.109 íkr til að ráða aðstoðarmann, sem þingmaðurinn velur, en laun hans eru greidd af þingskrifstofunni. Þingflokkar geta gert samkomulag um að fá til sín þetta fjármagn vegna aðstoðarmanna þingmanna þannig að allir aðstoðarmenn séu starfsfólk þingflokka. Sýnir reynslan að þá eru ráðnir aðstoðarmenn sem sérhæfa sig í málaflokkum og vinna þannig sem stuðningsteymi í stað þess að vera eyrnamerkta ákveðnum þingmanni. Nú stendur yfir endurskoðun á þessum reglum.